

Nd.

35. Frumvarð til laga

[34. mál]

um oliuverzlun ríkisins.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal Oliuverzlun ríkisins, er hafi aðalaðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Frá 1. janúar 1957 skal öllum öðrum en Oliuverzlun ríkisins, sem um ræðir í 1. gr., óheimilt að flytja til landsins frá útlöndum jarðolíu, brennsluolíu, hráolíu, steinolíu, benzín, smurningsolíu og smurningsfeiti eða aðrar tegundir af olíum eða feiti, sem notaðar eru á aflvélar.

Lög þessi taka þó ekki til skipa eða flugvéla, sem koma í landhelgi eða til landsins og hafa umræddar vörur meðferðis, ef birgðirnar eru ekki meiri en svo, að álititollstjóra, að hæfilegur og eðlilegur forði sé handa viðkomandi farartæki, miðað við aðstæður. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 12. og 13. gr.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal kaupa tvö 15000—20000 smálesta oliuflutningaskip til þess að annast oliuflutninga til landsins, og skal Oliuverzlun ríkisins eða Skipaútgerð ríkisins falið að annast rekstur skipanna eftir því, hvort hagkvæmara þykir.

4. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka eignarnámi hverja þá fasteign til olíusölu og skip til oliuflutninga innanlands, sem er í eigu þeirra oliufélaga, sem nú eru starfandi í landinu, eða rekið af þeim og nauðsynlegt verður talið til að halda uppi a. m. k. jafnfullkominni og viðtækri dreifingu og nú á sér stað í verzlun með oliur.

Hlutast skal til um, að slíkt eignarnám komi sem jafnast niður hlutfallslega á þeim oliufélögum, sem nú eru starfandi, miðað við verðmæti eigna félaganna, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þær eignir núverandi oliufélaga, sem óparfar yrðu taldar til að fullnægja ákvæðum 1. málsgreinar, skal ríkisstjórnin gefa oliufélögunum kost á að selja ríkissjóði fyrir 30% af matsverði, ella skal oliufélögunum heimilt að ráðstafa þeim á hvern þann hátt annan, er þau æskja, innanlands eða utan.

Gjald það, sem ríkisstjórninni ber að greiða samkvæmt þessari grein, skal innt af hendi með ríkisskuldabréfum, er borgist á 20 árum með jöfnum afborgunum.

5. gr.

Vörur þær, sem Oliuverzlun ríkisins flytur inn samkvæmt 2. gr., selur hún gegnum eigið dreifingarkerfi, sbr. 4. gr., olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum smá-söluverzlunum, opinberum fyrirtækjum, félögum bifreiðaeigenda og iðnfyrirtækjum, en ekki öðrum.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal skylt að hlutast til um, að Oliuverzlun ríkisins hafi jafnan nægan forða í landinu af þeim vörum, er um ræðir í 2. gr., svo að tryggt sé, að framleiðsla landsmanna og atvinnutæki bíði ekki tjón eða stöðvist vegna vöntunar á þessum vörum.

7. gr.

Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, sem um ræðir í 2., 5. og 6. gr., leggur ríkissjóður fram. Fé það, sem þarf til kaupa á oliuflutningaskipum samkv. 3. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni erlendis eða innanlands.

8. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð um framkvæmd þessara laga, skipar forstöðumann olíuverzlunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri hennar, ræður starfsfólk, skipar tvo endurskoðendur og fær þeim erindisbréf.

Í reglugerðinni skal einnig ákveðið, hvernig fara skuli með olíubirgðir þær, sem fyrir hendi verða í landinu 1. janúar 1957.

9. gr.

Olíuverzlun ríkisins greiðir lögákveðinn toll, þar sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður verð til þeirra aðila, er um ræðir í 5. gr., og hámarksverð í smásölu af vörum þeim, er um ræðir í 2. gr. Við ákvörðun á þeirri verðlagningu skal jafnan hafa hliðsjón af afkomu framleiðsluatvinnuveganna, einkum sjávarútvegs, og hinu almenna efnahagsástandi í þjóðfélaginu.

11. gr.

Ágóði sá, sem verða kann af rekstri Olíuverzlunar ríkisins, eftir að hæfilegur hluti hans hefur verið lagður í rekstrarsjóði, varasjóði og fyrningarsjóði, rennur í ríkissjóð. Nánari ákvæði um reikningsskil skulu sett í reglugerð.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—500000 krónum, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu allar þær vörur, sem um ræðir í 2. gr. og inn eru fluttar í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast olíuverzluninni til ráðstöfunar, en andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Olíuinnflutningur til landsins hefur vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum og fer enn ört vaxandi í sambandi við vaxandi tækni og vélanotkun þjóðarinnar. Sem dæmi má nefna, að olíuinnflutningurinn nam um 40 þúsund smálestum árið 1940, en um 240 þúsund smálestum s. l. ár.

Þeim, sem kynni hafa af atvinnulífi landsmanna, er ljóst, hve mikill liður í rekstri og afkomu margra atvinnugreina, einkum sjávarútvegs, olía og ýmsar olíuvörur eru og hve miklu máli verðlag þeirra skiptir fyrir þessar atvinnugreinar.

Það er einnig ljóst, að olíufélög þau, sem nú starfa hér, hafa safnað miklum gróða á starfsemi sinni. Auk þess hefur orðið bert, að þar hafa verið gerðar tilraunir til að ná undir sig miklum gróða með óheiðarlegu móti og á þann hátt, er varðar við landslög.

Hvort þar er eitthvað óupplýst, veit almenningur engar sönnur á, en hitt er ljóst, að þeir menn innan núverandi stjórnarflokka, sem kunnugastir eru þessum málum, gerðu óheiðarlegar viðskiptaaðferðir olíufélaganna að helzta ágreinings- og hitamáli stjórnarflokkanna í alþingiskosningunum 1953.

Það er einnig ljóst, að þau þrjú aðalolíufélög, sem hér eru starfrækt, hafa, í því skyni að ná sem mestum viðskiptum og gróða hvert um sig, bundið í þessari verzlunargrein óhæfilega mikið fjármagn og vinnuafli, sem þjóðhagslega séð hefði verið hagkvæmara að ráðstafa á annan hátt. Má nefna sem dæmi, að þrjár aðal-

skrifstofur og þrjár aðalbirgðastöðvar oliufélaganna eru nú í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem ein hefði nægt, þrjú útibú í flestum kaupstöðum og sjávarþorpum landsins, þó að eitt hefði nægt á hverjum stað, og þrír benzíngeymar og dælur hlið við hlið með stuttu millibili meðfram helztu akvegum landsins.

Öll þessi óhóflega fjárfesting og fasti kostnaður við oliuverzlun landsmanna hækkar oliuverðið langt umfram það, sem vera þyrfti og vera ætti, ef allt væri með felldu, og veldur á þann hátt framleiðslu þjóðarinnar þungum búsigjum að ástæðulausu.

Í þessu sambandi ber einnig að athuga það gaumgæfilega, að flestar eða allar oliutegundir eru heimsmarkaðsvörur, mjög svipaðar innbyrðis að gæðum og verði víðast hvar, þannig að engin sérstök fyrirhöfn eða áhætta fylgir því að kaupa og verzla með þessar vörur. Sala þeirra er einnig svo áhættulaus og auðveld, að kaupandi sækir þær sjálfur að afgreiðslustað, og samdráttur í þessari verzlun kemur naumast til greina.

Þá ber þess einnig að minnast, að ríkisstjórnin hefur um nokkra hríð samið um kaup á mestum hluta oliuinnflutningsins og á þann hátt tekið að sér það starf að útvega olíuna, án þess að það starf yrði framleiðslunni á nokkurn hátt til hagsbóta.

Öll rök hníga þess vegna að því, að ríkinu beri að taka oliuverzlunina í sínar hendur á þann hátt, sem lagt er til í frumvarpi þessu, og tryggja með því, að framleiðslu landsmanna sé ekki íþyngt um of með hóflausum tilkostnaði og gróðastarfsemi þeirra, er nú stunda verzlun með þessar nauðsynjar framleiðslugreinanna.

Í íslenzku þjóðfélagi stendur einnig svo sérstaklega á nú, að allra ráða verður að leita til að lækka framleiðslukostnað atvinnuveganna og bæta hag þeirra með því að draga úr milliliðagróða, ef takast á að stöðva þá verðbólguþróun, sem nú er að buga atvinnulífið, og forða gengisfalli.

Miðstjórn Þjóðvarnarflokks Íslands samþykkti 4. okt. s. l. ályktun um heildartillögur í því efni, sem send var formönnum hinna svonefndu vinstri flokka. Frumvarp þetta um Oliuverzlun ríkisins er í fullu samræmi við þá ályktun og einn liður hennar. Er það flutt hér í samræmi við þann megintilgang þessarar ályktunar að ná samstæðum þingmeirihluta um að koma efnahagslífi þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll og forða því hruni og upplausn, sem nú blasir við, ef áfram er haldið eins og nú horfir.